

lögum, unnið til fyrir þetta brot sitt, þykir hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður einföldu fangelsi í 15 daga. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Föstudaginn 4. apríl 1930.

Nr. 65/1929. **Hlutafélagið „Bakki“** (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**bæjarstjórninni á Siglufirði**  
(Guðm. Ólafsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 28. jan. 1929: Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ná fram að ganga á ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar.

### Dómur hæstaréttar.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort atvinnurekstur áfrýjanda á Siglufirði árið 1928 hafi verið útsvarsskyldur þar samkv. 8. gr., a-lið í lögum nr. 46, 15. júní 1926. Þessu viðvikjandi er það með nýjum skjölum, er lögð hafa verið fram af nýju í hæstarétti og með flutningi málsins, upplýst það, er hér greinir.

H/f. Bakki, sem er áfrýjandi þessa máls, var stofnað 1926 með heimili og varnarþingi í Reykjavík, til þess að reka sildarútgjörð, sildarverzlun og verzlun með aðrar sjáfarafurðir. Samtímis því að hlutafélagið var stofnað, keypti það sildarstöð á Bakka í Siglufjarðarkaupstað, lóðarréttindi, bryggju, söltunarpláss, frystihús og hús fyrir starfsfólk stöðvarinnar, er allt hefir verið metið rúmar 100 þúsund krónur til fasteignaskatts. Sildarstöð þessa hefir félagið starfrækt öll

árin síðan það eignaðist hana, jafnframt því, að það hefir á öðrum tíma ársins rekið þilskipaútgjörð í Reykjavík. Árið 1928, eða það ár, sem útsvar það, er hér um ræðir, var lagt á, rak áfrýjandi þorskveiðar og sildveiðar um 7 mánuði frá Reykjavík, en sumar- mánuðina þrjá, eða frá því um mánaðamótin júní—júli og þar til um mánaðamótin september—október, starfrækti áfrýjandi sildarstöðina á Siglufirði, stundaði sildveiði þaðan með skipum sínum og keypti sild af öðrum skipum. Þennan tíma var framkvæmdarstjóri og starfsfólk áfrýjanda á Siglufirði, en að vetrinum, er starfrækslu þar var lokið, hafði áfrýjandi ekkert fast fólk í þjónustu sinni, að því undanteknu, að hann galt einum manni kaup fyrir eftirlit með húsum og mannvirkjum stöðvarinnar. Er það upplýst, að áfrýjandi saltaði og kryddaði um 8000 tonn af sild á Siglufirði og frysti yfir 1600 tonn, sumpart fyrir aðra og sumpart til sölu, og var nokkur hluti frystu sildarinnar geymdur í frystihúsinu fram yfir næstu áramót. Einnig er það upplýst með vottorði bæjarfógetans á Siglufirði, að lifrarbræðsla var rekin á Siglufirði í nafni áfrýjanda. Af þessum atvinnurekstri var áfrýjanda gjört að greiða 7000 kr. aukaútsvar á Siglufirði, en fyrir sama ár var aukaútsvar áfrýjanda 500 kr. í Reykjavík.

Að visu var nú framangreindur atvinnurekstur áfrýjanda á Siglufirði einn hluti af heildaratvinnurekstri hans árið 1928, en að því athuguðu, að starfræksla sildarstöðvarinnar var meginþáttur í atvinnurekstri hans og að rekstur sildarstöðva á Norðurlandi eftir eðli sínu varir aðeins nokkra mánuði ársins og að sildarstöð áfrýjanda á Siglufirði var grundvöllurinn undir atvinnurekstri hans þar, þá verður að lita svo á, að áfrýjandi hafi nefnt ár rekið »heimilisfasta atvinnu-

stofnun á Siglufirði«, er heimilt var samkvæmt 8. gr., a-lið í lögum nr. 46, 15. júní 1926 að leggja aukaútsvar á í Siglufjarðarkaupstað. Það verður því samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, hlutafélagið »Bakki«, greiði stefnda, bæjarstjórninni á Siglufirði, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við aðalniðurlausnina í Siglufjarðarkaupstað síðastliðið ár var jafnað niður á h/f. Bakki 7000 krónum. Þar sem að hlutafélagið hefir neitað að greiða þetta útsvar, var eftir beiðni Guðmundar Ólafssonar hrm. byrjað á lögtaki fyrir útsvarsupphæðinni hér hjá nefndu hlutafélagi, 3. desember f. á. og haldið áfram 26. þ. m.

Framkvæmdarstjóri hlutafélagsins, Óskar Halldórsson, mætti í fógetaréttinum og mótmælti því, að lögtakið næði fram að ganga og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Umboðsmaður gjörðarþola hefir mótmælt lögtakinu af þeirri ástæðu, að hlutafélagið væri ekki útsvarsskylt í Siglufjarðarkaupstað, með því að heimili þess væri hér í Reykjavík og bæri útsvar hér, enda færi starfræksla þar fram aðeins yfir síldveiðitímann eða frá því um mánaðamótin júní og júlí og þar til um mánaðamótin september og október ár hvert og gæti því aðeins verið um það að ræða, að Siglufjarðarkaupstaður fengi hluta af útsvari því, sem jafnað væri niður á

hlutafélagið hér í Reykjavík, en hefði enga heimild til að jafna niður útsvari þar.

Gjörðarbeiðandi hefir hinsvegar haldið því fram, að þrátt fyrir það, að hlutafélagið ætti heimili hér í Reykjavík, þá væri heimilt að jafna niður á það útsvari í Siglufjarðarkaupstað, með því að það ætti þar fasteignir og bryggjuréttindi og ræki þar atvinnuveg á þeim fasteignum ár eftir ár og hefði flutt þaðan út á útsvarstíma þeim, sem hér um ræðir, 6—7000 tonn af sild.

Eftir því sem málið liggur fyrir hér fyrir fúgetaréttinum, verður að lita svo á, að með því að gjörðarþoli á fasteignir í Siglufjarðarkaupstað og rekur þar stórfeldan atvinnuveg ár eftir ár, með því að nota þessar fasteignir sem stöð fyrir atvinnureksturinn, þótt ekki sé nema yfir sildveiðitímann, þá verði þetta að teljast heimilisfastur atvinnuvegur samkvæmt 8. gr. a-lið útsvarslaganna nr. 46 frá 15. júní 1926, enda virðist ekki minni ástæða til að láta þetta atriði falla undir þá grein, en atriði þau, sem látin eru falla undir b-lið sömu greinar. 9. gr., e-liður, sömu laga virðist og heldur ekki brjóta í bága við þennan skilning, með því að sú grein virðist ekki eiga við þau atvik, þar sem gjaldþegn á sjálfur fasteignir á staðnum og rekur þar atvinnu sína ár eftir ár.

Það verða því ekki tekin til greina mótmæli umbodsmanns gjörðarþola gegn framgangi gjörðarinnar og þykir rétt að leyfa, að hún nái fram að ganga á ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar.

---

Mánudaginn 7. apríl 1930.

Nr. 70/1929.

**Hrefna Sigurgeirsdóttir**

gegn

**Ísleifi Jónssyni** (Svb. Jónsson).

Skuldamál.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 22. júní 1929: Gagnstefnandi, Hrefna Sigurgeirsdóttir, greiði aðalstefnandanum, Ísleifi Jónssyni, kr. 1027.24 með 6% ársvöxtum frá 24. maí 1928 til greiðsludags og kr. 246.50 í málskostnað í aðalsök og gagnsök innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.